



**Stjórnarfundur haldinn 16. sept 2004 kl:18:30**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá UMFÍ v/ boðunar á 34. sambandsráðsfund UMFÍ 16. október að Laugum í Sælingsdal. Kári Gunnlaugsson verður fulltrúi félagsins.

Bréf frá Birgir Gunnlaugssyni v/ eflingar á getraunum, en UMFÍ er í samstarfi við íslenskar getraunir 1X2 um að efla þennan tekjupóst hjá aðildarfélögum. Ákveðið að halda fund í félagsheimili Keflavíkur miðvikudaginn 22. sept. kl. 20:00.

**3. Send bréf.**

UMFÍ sent yfirlit um sumarstarfið og starfið framundan vegna stjórnarfundar UMFÍ 17.-19. sept.

**4. 75 ára afmæli félagsins 29. sept. 2004.**

Framkvæmdastjóri sagði frá því að verið væri að útbúa könnur og glasamottur í tilefni af 75 ára afmælinu einnig er verið að gera merki í bílrúður. Ákveðið að bjóða stjórnarmönnum félagsins og deilda í afmælisteiti á þessum tímamótum og gera sér glaðan dag.

**5. Jólblað félagsins 2004.**

Undirbúningur að jólblaðinu verður fyrr á ferðinni á þessu ári og reynt verður að klára vinnu við blaðið tímalega.

**6. Dagskrá formannafundar 20. sept. 2004**

Framkvæmdastjóri lagði fram uppkast af dagskrá formannafundar. Umræður um dagskrána. Framkvæmdastjóra falið að senda út dagskrá fundarins til formanna deilda félagsins.

**7. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri óskaði eftir því að fá heimild til að kaupa flaggstangarfána. Samþykkt að kaupa 50 stykki og láta deildir fá og kanna í leiðinni hvort ekki sé lítill kostnaðarauki við að bæta 20 stk. til viðbótar, ef svo er að kaupa þá 70. Skoða líka varðandi fána til að vera með á íþróttaviðburðum. Framkvæmdastjóra falið að kanna þann kostnað.

Í upphafi fundar var Taekwondodeild afhent viðurkenningarskjal þar sem hún hefur hlotið vottun ÍSÍ sem fyrirmyndardeild. Það var varaformaður ÍSÍ sem afhenti Sigursteini Snorrasyni viðurkenninguna. Deildin var sú síðasta í röðinni til að hljóta þessa viðurkenningu innan félagsins og er félagið því fyrsta fjölgreinafélagið á landinu til að hljóta þessa viðurkenningu. Til hamingju Keflavík íþrótt- og ungmennafélag með þennan merka árangur.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:30.